

### 3. fundur starfshóps um félagslega húsnæðiskerfið. Haldinn 10. nóvember kl. 8:30 í bæjarráðssal að Strandgötu 6.

Mættir: Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður, Fjölur Sæmundsson, Ómar Á. Óskarsson, Helga Ingólfssdóttir, Örn Tryggvi Johnsen og Rannveig Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Arnbjörg Jónsdóttir og Kolbrún Oddbergssdóttir starfsmenn fjölskylduþjónustu mættu á fundinn og kynntu stöðuna í félagslega kerfinu, biðlista, fjölda íbúða, reglur, samanburð við önnur sveitarfélög o.fl.

Rætt um mikilvægi þess að biðlistinn sér raunhæfur þ.e.a.s. að ekki sé eðlilegt að á biðlista eftir félagslegu húsnæði sé fólk sem skori ekki mörg stig samkvæmt því kerfi sem nú er notað en þar er miðað við stigafjölda frá 0-10. Stigin byggjast á tekjuviðmiði og félagslegri stöðu. Ljóst er að þeir sem eru með fá stig hafa ekki möguleika á úthlutun í kerfinu. Starfshópurinn er sammála um að miða við 6 stig eða þar yfir til að fá rétt til að vera á biðlista í kerfinu. Starfsmönnum falið að koma með tillögu að breytingu á reglum um úthlutanir í félagslega húsnæðiskerfinu.

Í reglum sveitarfélagsins um biðlista í kerfinu er gert ráð fyrir að umsóknir séu endurnýjaðar árlega. Starfshópurinn var sammála um að virkja þessa reglu og þessi tilhögun sé auglýst vel. Mikilvægt er að sótt sé um rafrænt. Hugmynd kom fram um reiknivél á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem umsækjendur gætu skoðað rétt sinn.

2. Farið var yfir upplýsingar um leigufjárhæðir í félagslega húsnæðiskerfinu og bornar saman upplýsingar milli sveitarfélaga.
3. Óskað er eftir nánari upplýsingar um stærð íbúða í kerfinu.

Fundi slitið kl. 9:15.